

1866.

5. maí.

eru sýndar, svo að skattheimtumönnunum með þessu optast nær verði meinað að borga tekjur þær, sem þeim er trúað fyrir, á þann hátt, sem tíðkamt hefir hingað til.

Þess skal fyrst og fremst getið, að úrræði það, sem þér hafið stungið uppá, herra amtmaður, í áðurnefndu bréfi yðar, það er segja að færa skattheimtumönnunum stimplunarkostnaðinn til skuldar í útasetningunum útá reikning þann, sem átt er við, ekki verður notað, vegna ymsra vandkvæða, sem það er bundið. Eptir að skrifast hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður nú til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það öllum embættismönnum og sýslunarmönnum í umdæmi því, sem þér eruð settur yfir, að dómsmálastjórnin framvegis eins og fyr krefst þess, að slíkar ávísanir sè stýlaðar til hennar sjálfar, og sömuleiðis bannar framvegis að hafa víxlbréf til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins, en, þegar hlutaðeigendur ekki geta fengið ávísanir, sem eru stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast þegar þær eru sýndar, þá vill stjórnarráðið eptir málavöxtum, og einkum bæði vegna þess, hversu örðugt það er fyrir skattheimtumennina að láta stimpla ávísanirnar, þar sem það verður að gjörast hér í bænum, og líka vegna þess, að hér er einungis um lítilræði að gjöra, ekki synja að veita viðtöku ávísunum, sem eru stýlaðar þannig, að þær eiga að borgast nokkrum tíma eptir að þær hafa verið sýndar, svo að það verður sæð um hér, að þær verði stimplaðar, án þess að hlutaðeigandi skattheimtumenn hafi neinn kostnað af því¹.

11. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja megi hjáleiguna Skafiakot í eyði.

Með bréfi 27. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bréf með fylgiskjölum frá umboðsmanninum yfir

¹) Stiptamtmaninum og amtmanninum yfir vesturumdæminu var skrifað sama dag á sömu leið.

Arnarstapa umboði; skýrir hann í því frá, eptir áskorun leiguliðans á jörðunni Kálfárvöllum í Staðarsveit í Snæfellsness sýslu, sem liggur undir Arnarstapa umboð, að það sé því nær ómögulegt að byggja eina af hjáleigum jarðarinnar, Skafلاكot, neinum áreiðanlegum manni, einkum vegna þess að landslagi er svo háttað, að hún er undir áföllum af snjóflóðum og skriðum, sem opt hafa gjört miklar skemmdir bæði á húsunum og túninu; sækir hann því um, að það megi leggja kot þetta í eyði sem hjáleigu fyrir sig, þannig að húsin, sem eru á kotinu, verði rifin, timbrð selt og andvirðð borgað inn í umboðssjóðinn. Þær hafið lagt til með, að leyft verði, að hjáleigan Skafلاكot sé lögð í eyði og lögð undir heima-jörðina Kálfárveli með þeim kjörum, að ábúandinn á Kálfárvöllum eptir sem áður gjaldi það afgjald afdráttarlaust, sem ákveðið hefir verið, af allri jörðinni, að ábúandinn, sem nú er, borgi í umboðssjóðinn ofanálág á húsin á hjáleigunni, er ákveðið sé af óvilhóllum monnum, að húsin séu rifin, timbrð úr þeim selt, og andvirðð borgað í umboðssjóðinn.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess, að þér kunngjörð það, að dómsmálastjórnin eptir málavöxtum fellst á það, sem þér hafið lagt til um þetta málefni.

1866.
11. maí.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um það, hvort greiða skuli konungstíund af hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Skagafjarðar sýslu.

11. maí.

Með úrskurði þeim, er reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir lagt á 2. lið útásetninganna útá reikning um konungstíundina og hinar aðrar tekjur ríkissjóðsins af Skagafjarðar sýslu á árinu frá 1. aprílmán. 1858 til 31. marzmán. 1859, hefir því verið skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort að eigi að heimta konungstíund af tveim jörðum í greindri sýslu, hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Sauðár hrepp, er áður voru eign Thorkillii barnaskólasjóðs, en seinna eru orðnar einstakra manna eign. Um þetta hafið þér, herra amtdaður, eptir áskorun